

Nd. 150. Frumvarp til laga

um breyting á lögum nr. 7 14. júní 1929, um tannlækningar.

Flm.: Emil Jónsson, Sigurður Kristjánsson.

1. gr.

4. gr. laganna orðist þannig:

Öllum öðrum en tannlæknum eða þeim, sem tannlækningaleyfi hafa, er óheimilt að setja gervitennur og tanngarða í menn. Þetta nær þó ekki til lækna og tannsmiða, ef þeir sanna heilbrigðisstjórninni, að þeir hafi aflað sér nægilegrar þekkingar í þessari grein.

2. gr.

Með lögum þessum eru úr gildi numin lög nr. 34 23. júní 1932.

3. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Frumvarp þetta er flutt að beiðni tannsmiðafélagsins, og fylgir hér með rök-
stuðningur þess í bréfi því, er hér fer á eftir, merkt fylgiskjal I.

Fylgiskjal.

Reykjavík, 15. nóv. 1946.

Herra ráðherra Emil Jónsson.

Hér með leyfir Tannsmiðafélag Íslands sér að fara þess á leit við yður, herra ráðherra, að þér hlutizt til um, að lögum nr. 7 frá 1929 og breyting á þeim lögum, nr. 34 frá 1932, verði breytt þannig:

4. gr. laganna orðist þannig:

Öllum öðrum en tannlæknum eða þeim, sem tannlækningaleyfi hafa, er óheimilt að setja gervitennur og tanngarða í menn. Þetta nær þó ekki til lækna og tannsmiða, ef þeir sanna heilbrigðisstjórninni, að þeir hafi aflað sér nægilegrar þekkingar í þessari grein.

Fáist slík breyting ekki samþykkt, leyfir félagið sér að fara þess á leit, að umrædd lagagrein verði orðuð þannig:

Öllum öðrum en tannlæknum eða þeim, sem tannlæknaaleyfi hafa, er óheimilt að setja gervitennur og tanngarða í menn. Þetta nær ekki til lækna, ef þeir sanna fyrir heilbrigðisstjórninni, að þeir hafi aflað sér nægilegrar þekkingar í þessari grein. Heimilt er og dómsmálaráðherra, með samþykki landlæknis, að veita mönnum, er lokið hafa tannsmiðanámi, leyfi til að setja gervitennur og tanngarða í menn, í samráði við héraðslækni í þeim héruðum, sem eru tannlæknalaus. Tannsmiðum, sem veitt hefur verið slíkt leyfi, er heimilt að starfa áfram, þótt tannlæknir setjist að í héraðinu.

Greinargerð.

Þeir tannsmiðir, sem lært hafa iðn sína til fullnustu, eru algerlega færir um að setja gervitennur í menn. Til þess þarf enga lækniáðgerð, og má því frekar segja, að hér sé um iðn að ræða, en ekki lækningar. Þess vegna hafa líka tannsmiðir fengið leyfi til að stunda þessa iðn í þeim læknihéruðum, þar sem enginn tannlæknir er. Á nokkrum stöðum á landinu starfa nú tannsmiðir samkvæmt fyrrnefndum lögum, þar sem ekki eru tannlæknar fyrir, en verða að hverfa burtu, ef tannlæknir setz þar að. Það er oft tekjurýrt og erfitt fyrir tannsmiði að vinna sig upp á slíkum stöðum, sem eru svo í sveit settir, að tannlæknar telja ekki svara kostnaði að setjast þar að. Þeinn kostnaður er líka töluverður að starfrækja tannsmiðastofu, auk stofnkostnaðar. Tannsmiðafélaginu finnst því ekki sanngjarnt, að meðlimur þess, sem hefur sett sig niður á slíkum stað og hefur unnið sér upp praksís, fái ekki að starfa þar áfram, þó að tannlæknir setjist þar að.

Að vísu getur máske tannsmiður, sem svo er ástatt fyrir, fengið að starfa í þjónustu tannlæknis, en það virðist vera lítið réttlæti í slíku, þar sem honum var trúað til þess af ríkisstjórn og landlækni að vinna sjálfstætt áður og leysa starf sitt þannig á viðunandi hátt.

Samkvæmt núverandi lagaákvæðum getur tannlæknir sett upp útibú í héraði, þar sem tannsmiður vinnur, og verður þá síðarnefndi að víkja. Er tannlæknum þar gert hægt um vik að flæma tannsmiði burtu, hvar svo sem er, hafi þeir sýnt sig dugandi í sinni iðn og samkeppnisfærir við þá. Hlýtur slíkt ákvæði að skapa nokkurt öryggisleysi líka fyrir þá, sem þurfa að fá gervitennur, því tannlæknirinn gæti síðan flutzt burt af einhverjum ástæðum, og væri þá staðurinn tannlæknis- og tannsmiðalaus.

Tannsmiðafélagið væntir því þess, að þessi sanngjarna breyting fái á lögunum, enda engin áhætta, þar sem ávallt þarf að biðja um stjórnarráðsleyfi. Hins vegar mundi þessi breyting á lögunum hvetja tannsmiði til að setjast að í þeim héruðum, sem tannlæknilaus eru.

Virðingarfyllt.

F. h. Tannsmiðafélagsins

Ingibjörg S. Hallsdóttir.

Helga Árdal.

Nína Þórðardóttir.